
AXARVEGUR Í SUÐURDAL.
FORNLEIFARANNSÓKN VEGNA
FYRIRHUGAÐRA VEGAFRAMKVÆMDA



GUÐRÚN ALDA GÍSLADÓTTIR & HILDUR GESTSDÓTTIR

Reykjavík 2018

FS712-18261

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS





Forsíðumyndin er af tóft (SM-060:063) Horft til norðurs. Ljósmynd Guðrún Alda Gísladóttir.

©Fornleifastofnun Íslands ses 2018
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@instarch.is
Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Niðurstöður	5
SM060:044	5
SM060:061	6
SM060:062	7
SM060:063	9
SM060:064	11
SM060:065	12
Púst	13
Heimildaskrá	15



Inngangur

Dagana 21.-22. júní 2018 unnu Guðrún Alda Gísladóttir og Hildur Gestsdóttir fornleifafræðingar hjá Fornleifastofnun Íslands fornleifakönnun í Suðurdal vegna vegaframkvæmda við Axarveg. Í umsögn Minjastofnunar Íslands (MÍ) um verkið kemur fram að sex minjar hafi verið skráðar í vegstæðinu árið 2008,¹ og gerði stofnunin kröfu um að þær væru allar mældar upp samkvæmt núverandi stöðlum MÍ, auk þess sem grafa þyrfti könnunarskurði í tvær þeirra.² Þegar á vettvang var komið bættist við einn skurður í þúst sem lá upp við veginn (eftir samráð við Minjavörð Austurlands). Kort með staðsetningu þeirra minja sem rannsakaðar voru má finna aftast í þessari skýrslu (Mynd 9). Guðrún og Hildur sáu um úrvinnslu ganga fyrir þessa skýrslu, og nutu aðstoðar Stefáns Ólafssonar við kortagerð.

Niðurstöður

SM060:044

Gata: „Sunnarlega í landi Vatnsskógar er reisuleg varða ofan (austan) við þjóðveginn. Gamli slóðinn upp Breiðdalsheiði liggur frá núverandi þjóðvegi og upp hlíðina að vörðunni... Slóðinn er greinilegur á um 360 m kafla en fjarar svo út. Hann liggur frá vörðunni skáhallt í norðvestur niður hlíðina að þjóðvegi og fylgir svo þjóðveginum að vestanverðu nokkurn spöl. Slóðinn er grjóthreinsaður og allt að 2 m breiður. Um 10 m vestan þjóðvegarins liggur slóðinn yfir dálitla kvos. Þar hefur verið hlaðið undir hann... Einnig er hlaðið undir hann um 20m ofan (austan) við þjóðveginn.“³

Gatan var mæld upp með Trimble Geoexplorer 6000 tæki í nágrenni nýju veglínunnar samkvæmt stöðlum MÍ, sjá mynd 1.

¹ Þóra Pétursdóttir 2008.

² MÍ(a); MÍ(b).

³ Þóra Pétursdóttir 2008, 19



Mynd 1. Gata SM060:044

SM060:061

Tóft: „Tóft er um 12 m vestan við þjóðveg innst í Skriðdal, þar sem fyrirhugað vegstæði A mun liggja... Tóftin er sigin og gróin. Ekkert grjót er sýnilegt í hleðslum. Í norðurhluta tóftarinnar er greinilegt eitt hólfi, en suðurhlutinn er mun ógreinilegri og þéttgróinn víði. Þar virðist þó vera annað hólfi, eða niðurgrafin hvilft. Tóftin er um 7x3 m að utanmáli og snýr norður-suður. Nyrðra hólfið er um 2,5x1,5 að innanmáli. Op er á norðurhlið þess.

Hleðsluhæð er um 0,3“⁴

Tóftin var mæld upp með Trimble Geoexplorer 6000 tæki samkvæmt stöðlum MÍ, sjá mynd 2.

⁴ Þóra Pétursdóttir 2008, 22.



Mynd 2. Tóft SM060:061

SM060:062

Tóft: „Tóft er um 12 m vestan við þjóðveg innst í Skriðdal, þar sem fyrirhugað vegstæði A mun liggja... Tóftin er sigin og gróin. Ekkert grjót er sýnilegt í hleðslum. Í norðurhluta tóftarinnar er greinilegt eitt hólf, en suðurhlutinn er mun ógreinilegri og þéttgróinn víði. Þar virðist þó vera annað hólf, eða niðurgrafin hvilft. Tóftin er um 7x3 m að utanmáli og snýr norður-suður. Nyrðra hólfið er um 2,5x1,5 að innanmáli. Op er á norðurhlið þess. Hleðsluhæð er um 0,3 m.“⁵

⁵ Þóra Pétursdóttir 2008, 22




Mynd 3. Tóft SM060:062 & skurður

Tóftin var mæld upp með Trimble Geoexplorer 6000 tæki samkvæmt stöðlum MÍ og grafinn könnunarskurður, sjá mynd 3. Skurðurinn var vélgraffinn yfir tóftina endilanga með stefnuna norður-suður. Hann var 1 x 7 m, en austursniðið nánast allt teiknað (sjá mynd 5). Í ljós kom að útveggir, sjá [2] og [8] voru hlaðnir úr strengjatorfi, og var nyrðri útveggurinn [2] hlaðinn utan í stóran jarðfastan stein, en erfiðara var að skera úr um hleðslugerð milliveggjar [7], en e.t.v. var hann hlaðinn úr hnaus. Mesta hæð veggja var 0,4 m, lengd nyrðra hólfs var um 2 m, en syðra hólfið var 1,2 m á lengd. Engin gólfög voru í tóftinni en þó var einhverskonar lífrænt yfirborð [3] í nyrðra hólfinu. Gjóskusyrpan V-1477/Ö-1362 var óhreyfð undir tóftinni. Þar ofan á var gróf grá gjóska, sennilega V-1717 og er hún einnig í veggjum tóftarinnar.⁶ Tóftin er því byggð eftir árið 1717. Engir gripir fundust í skurðinum, og engin sýni voru tekin.

Tóftin er tvíhólfa mannvirki en einfalt að allri gerð og var sennilega þaklaust. Á að giska gæti tóftin hafa verið aðhald fyrir sauðfé; stekkur eða rétt.

⁶ Magnús Á. Sigurgeirsson 2000.



Mynd 4. Skurður í tóft SM060:062 – austursnið

Tafla 1. Lýsing á einingum í könnunarskurði tóftar 060:062

Eining	Lýsing
1	Grasrót. U.þ.b. 15-20 cm þykk. Mjög rótarskotin. Gróðurmoldin laus í sér. Millibrún.
2	Útveggur nyrðri. Veggurinn er hlaðinn úr streng og að stórum steini sem er jarðfastur. Torfið er talsvert rótarskotið. Það hefur sennilega verið rist í mýrinni neðan tóftarinnar og hefur rauðleitan blæ af mýrrauða og dökk lífræn lög. Í torfinu er einnig dökkt og gróft gjóskulag, V1717. Torfveggurinn er alls um 1.2 m að breidd, með steini.
3	Rauðbrún gróðurmold, lífrænt niðurbrot. Er í flekkjum, talið vera yfirborð í tóftinni.
4	Sennilega áfok. Einsleit grábrún mold. Óhreyft af mannavöldum.
5	Áfok. Lagskipt: Gjóska V-1477 og Ö-1362 í millibrúnu moldaráfoki. Beint ofan á jökulruðningi. Óhreyft af mannavöldum.
6	Jökulruðningur og grús, moldarblandað efst en gráleitt neðar. Blautt.
7	Milliveggur í tóft. Óhægt að greina byggingarlag vegna þess hversu illa varðveittur hann er. Gæti verið byggður úr hnaus.
8	Útveggur syðri. Byggður úr streng. Breidd 1,3 m.
9	Virðist sama og [4]. Sama lýsing á við. Óhreyft af mannavöldum.
10	Skóflustunga fyrir yfirborði [3].
11	Hrun úr vegg [2]. Torfblandaður jarðvegur en óljóst.
12	Virðist sama og [4]. Sama lýsing á við. Óhreyft af mannavöldum.
13	Virðist sama og [5]. Sama lýsing á við. Óhreyft af mannavöldum.

SM060:063

Tóft: „Tóft er fast vestan við þjóðveg innst í Skriðdal, þar sem fyrirhugað vegstæði A mun liggja. Um 30 m sunnan við tóftina er ræsi undir núverandi veg... Tóftin er um 6x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hleðslur eru signar og grónar, um 0,4 m á hæð og ekkert grjót sýnilegt í þeim. Tóftin er tvískipt og er nyrðra hólfið um 2x2 m að innanmáli en hið syðra um 2x1 m og snýr austur-vestur. Op er á norðurhlið tóftarinnar og innangengt á milli hólfa tveggja.“⁷

⁷ Þóra Pétursdóttir 2008, 22.




Mynd 5. Tóft SM060:063 & skurður

Tóftin var mæld upp með Trimble Geoexplorer 6000 tæki samkvæmt stöðlum MÍ og grafinn könnunarskurður, sjá mynd 5. Tóftin er um 5 x 7,5 m að utamáli sem greinist í tvö hólfi. Skurður (1 x 8 m) var vélgrafinn yfir tóftina endilanga, með stefnuna norður-suður og austursnið hans teiknað (sjá mynd 6). Veggir tóftarinnar, útveggir, [2] og [11] og innri veggur [9], voru hlaðnir úr strengjatorfi og var ekkert grjótt í hleðslunum. Mesta hæð veggja var 0,6 m, lengd nyrðra hólfs um 1,2 m, en syðra hólfið var 2,3 m á lengd. Engin gólfög var að finna inni í tóftinni sem bendir til þess að hún hafi ekki verið undir þaki. Í nyrðra hólfinu voru töluvert umfangsmeiri lífræn jarðlög [7] en í því syðra [8]. Gjóskusyrpan V-1477/Ö-1362 var óhreyfð undir tóftinni, sjá jarðlög [4] og [5]. Í norðurútvegg [2] var gróf grá gjóska í torfi, líklegast V-1717.⁸ Tóftin er því byggð eftir árið 1717. Engir gripir fundust í skurðinum, og engin sýni voru tekin.

Tóftin er einfalt mannvirki, tvíhólfa, og sennilega þaklaust. Gæti hafa verið aðhald fyrir sauðfé; stekkur eða rétt.

⁸ Magnús Á. Sigurgeirsson 2000.



Mynd 6. Skurður í tóft SM060:063 – austursnið

Tafla 2. Lýsing á einingum í könnunarskurði tóftar SM060:063

Eining	Lýsing
1	Grasrót. U.þ.b. 15-20 cm þykk. Mjög rótarskotin. Gróðurmoldin laus í sér. Millibrún.
2	Útveggur nyrðri. Veggurinn virðist hlaðinn úr streng en það er óljóst vegna þess að varðveisla torfsins er léleg. Í torfinu eru dökkt og gróft gjóskulag, V1717. Torfveggurinn er rúmlega 1 m að breidd en skurðurinn náði ekki alveg norður fyrir mörk hans.
3	Áfok, lagskipt og blandað. Einsleitt með svörtum sandi, sennilega V1717 gjóska. Óhreyft af mannavöldum.
4	Gjóska, Askja V1477 – hvítgul á lit. Óhreyfð af mannavöldum.
5	Áfok. Lagskipt: Gjóska V-1477 og Ö-1362 í millibrúnu moldaráfoki. Beint ofan á jökulruðningi. Óhreyft af mannavöldum. Óhreyft af mannavöldum.
6	Jökulruðningur og grús, moldarblandað efst en gráleitt neðar. Grunnvatn stendur hátt á þessum stað og var um 40 cm hátt.
7	Yfirborð í nyrðri hluta tóftar. Einsleitt, grábrúnt lag en lífrænt. Neðri hluti þéttari.
8	Yfirborð í syðri hluta tóftar. Einsleitt, grábrúnt lag, ekki eins lífrænt og [7].
9	Milliveggur. Torfveggur, byggingarlag vart greinanlegt vegna lélegrar varðveislu og e.t.v. lélegs torfs, en virðist vera strengur. E.t.v. er þessi veggur seinni tíma viðbót.
10	Einsleitt torf og mold – e.t.v. hrun
11	Útveggur syðri. Ógreinilegt byggingarlag. Léleg varðveisla torfs og e.t.v. lélegt efni upphaflega.
12	Moldarblönduð grús – skriða?
13	Virðist sama og [5]. Sama lýsing á við. Óhreyft af mannavöldum.

SM060:064

Dys: „Grjótdys er rétt sunnan við suðurenda Skriðuvatns, austan við núverandi þjóðveg.

Dysin er um 20 m norðan við Forviðará og um 20 m austur af miðlínu A, sem þarna fylgir

núverandi vegarstæði... Dysin er um 1 m á hæð og um 4x4 m að utanmáli. Hún er ekki fornleg að sjá og grjótið ekki mosagróið. Ekki er vitað hvernig hún er til komin.”⁹

Dysin var mæld upp með Trimble Geoexplorer 6000 tæki samkvæmt stöðlum MÍ, sjá mynd 7.



Mynd 7. Dys SM060:064 (uppmæling hægra megin á mynd), og staðsetning á hleðslu SM060:065 (rauður punktur vinstra megin á mynd).

SM060:065

Hleðsla: „Austan við núverandi þjóðveg innst í Skriðdal, í skógarlundi rétt norður af Forviðará, er hringlaga hleðsla. Hún er um 20 m norðvestur af veglínu A. Hleðslan er í smá viki í miðjum skógarlundi rétt neðan vegar. Við hana liggja tvær kindagötur en annars er svæðið næst henni gróið grasi og trjám. Hleðslan er um 1 x 1 m stór og eru sjáanlegir í henni náu steinar, sjö sem mynda hring og tveir inni í henni. Í hleðslunni, undir mosanum sem er í miðjunni, er viðarkolaskán og er því hægt að draga þá ályktun að um eldstæði sé að ræða. Hleðslan er gróin og sokkin, en ekki er þó víst að hún sé gömul.“¹⁰

⁹ Þóra Pétursdóttir 2008, 22.

¹⁰ Þóra Pétursdóttir 2008, 23


Hleðslan var mæld upp með Trimble Geoexplorer 6000 tæki samkvæmt stöðlum MÍ, sjá mynd 7.

Þúst

Grasigróin þúst sem hafði ekki verið skráð árið 2008 fannst austan við veginn, á milli SM060:062 og SM060:063 (sjá mynd 8). Eftir samráð við Minjavörð Austurlands var ákveðið að grafa skóflubreiðan, c. 2m langan skurð í þústina til að kanna hana frekar. Skurðurinn sýndi að um nútímauppmokstur er að ræða, líklegast vegna ræsis sem liggur undir veginn á þessu svæði, samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni.



Mynd 8. Þúst.



Mynd 9. Yfirlitskort af rannsóknarsvæði

Heimildaskrá

Magnús Á. Sigurgeirsson. 2000. *Gjóskulög á Austurlandi. Samantekt.* (00/04). Reykjavík, Verðurstofa Íslands.

Mí(a): Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 05.06.2018. MÍ201804-0109/6.00/P.E.H.

Mí(b). Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 14.06.2018. MÍ201804-0109/6.00/P.E.H.

Þóra Pétursdóttir (ritstj.) 2008. *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Öxi og í botni Berufjarðar.* (FS403-08061). Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.